



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Áhaldahús/höfn

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Sigurður Þorvaldsson/Sverrir Guðbrandsson

Tímabil: Desember 2018

1. Verkefni í undirbúningi:

- Ýmis smáverk

2. Verkefni í vinnslu:

- Grafið og fleygað frá vegg á félagsheimili svo hægt sé að koma hurð í kjallara. (áhh)
- Kastarar á Seif
- Undirbúningur við breytingu á kjallara í íþróttarmiðstöðinni
- Gera við stigaljós á bryggju

3. Verkefnum lokið:

- Smíðað og sett upp spil fyrir dúk yfir sundlaug
- Undirbúningur og afgreiðsla skips sem sótti heyrúllur
- Klárað að fjarlægja grjót á Borgarbraut
- Gert við ljós í þakkassa á félagsheimili
- Settar steiptar stéttar við áhaldahús og vatnsveituskúra

4. Annað:

STRANDABYGGÐ HÖFÐAGATA 3 510 HÓLMAVÍK KT. 570806-0410

SÍMI 451-3510 FAX 451-3403 BANKI 0316-26-153 NETFANG: STRANDABYGGD@STRANDABYGGD.IS VEFUR: WWW.STRANDABYGGD.IS



Forstöðumannaskýrsla

Íþróttamiðstöð Hólmavíkur

Birna Karen Bjarkadóttir

1. desember – 1. janúar

1. Verkefni í undirbúningi:

- Von er á pípulagningarmanni í janúar-febrúar. Hann áætlar að vinnan muni taka 7-10 daga og mun Íþróttamiðstöðin vera lokuð með öllu á meðan framkvæmdir eiga sér stað.

2. Verkefni í vinnslu:

- Búið er að panta myndavélabúnaðinn, rafvirkjar frá Tengli koma til með að setja upp búnaðinn, þeir hafa mikla reynslu á uppsetningu á þessum myndavélum.
- Sandsían fyrir heitari pottinn byrjaði að leka á ný og loka þurfti pottinum. Ég hef fengið sérfræðing á staðinn til að meta síuna. Við munum gera við hana á ný en með öðrum aðferðum.
- Sían verður tæmd og nýr sandur verður settur í hana. Sandurinn er til nú þegar.
- Panta þurfi hæðaskynjara í jöfnunartank, skynjararnir koma að utan og ættu því að vera komnir í þessum mánuði.
- Búið er að panta hlaupabretti þar sem núverandi bretti eru bæði komin á tíma. Við eigum von á því um miðjan janúar.
- 12. Og 13. Janúar verður próf og skyndihjálpanámskeið fyrir afleysingafólk í Íþróttamiðstöðinni.

3. Verkefnum lokið:

- Skipt var um einstefnuloka í klórdælu fyrir pott 2.
- Sverrir Guðbrandsson smíðaði hús undir spilið til að draga inn dúkinn einnig kom hann fyrir ljósaperu innan í því til að halda örlitlum hita. Það gerir það að verkum að við getum haft spilið úti allan ársins hring, við höfðum vanalega burðast með spilið inn og út á veturna. Við erum alsæl með nýja húsið.



Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Slökkvilið Strandabyggðar

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Einar Indriðason

Tímabil: Des. 2018

1. Verkefni í undirbúningi:

-
- ...

2. Verkefni í vinnslu:

- Eina verkefnið sem er í vinnslu hjá slökkviliðinu er bíllinn sem er í smíðum á Ólafsfirði, eins og kom fram í síðustu skýrslu verður bíllinn afhentur í lok janúar.

3. Verkefnum lokið:

- Eins og undanfarin ár fóru slökkviliðsmenn í grunnskólann með fræðslu fyrir jólin, og afhentu gögn fyrir getraun sem er í samvinnu við félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna.
- Slökkviliðið tók einnig þátt í átaki fyrir jólin sem fólst í því að skipta um rafhlöður í reykskynjurum fyrir eldri borgara og sækja til þeirra slökkvitæki og láta yfirfara. Þetta átak var í samvinnu við slökkvitækjapjónustuna Aðgát.
- Slökkviliðsmenn fóru til Ólafsfjarðar í mánuðinum til að koma að skipulagi á hillum og öðrum búnaði í nýja bílnum.

4. Annað; ...



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR. OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Sorpsamlag.

Nafn forstöðumanns/starfsmanns: Einar Indriðason

Tímabil: Des. 2018

1. Verkefni í undirbúningi:

-

2. Verkefni í vinnslu:

- Unnið er að því að skipuleggja hreinsunaráttak með Strandabyggð sem verður tæplega sett af stað fyrir en á vordögum héðan af. (E.I)

3. Verkefnum lokið:

- Vinnu við heimasíðuna lauk rétt fyrir jól, þá var keypt lén og síðan var opnuð formlega á viðburði þegar skólanum var afhentur grænfáninn , slóðin er sorpstrand.com. Einhver vinna er síðan eftir við að fínpússa einstöku atriði og setja inn upplýsingar, en verkefni skólans er lokið. (E.I)

4. Annað; ábendingar, athugasemdir: ...



Forstöðumannaskýrsla

Starfsstöð: Lækjarbrekka

Nafn forstöðumanns: Ingibjörg Alma Benjamínsdóttir

Tímabil: desember 2018 – janúar 2019

1. Verkefni í undirbúningi:

- Öryggishandbók (IAB og Trappa)
- Námskrá 5 ára (IAB)
- Starfsmannafundur í febrúar, Fjarfundur með Björk hjá Tröppu vegna jákvæðs aga og mótunar starfsmannastefnu.
- Skipulagsdagur í mars. Stefni að því að fá fyrirlestur um jákvæðan aga haldinn af leikskólastarfsmanni sem vinnur eftir þeirri hugmyndafræði. Undirbúningur er á byrjunarstigi.

2. Verkefni í vinnslu:

- Skólanámskrá (IAB og Trappa)
- Námskeið fyrir starfsfólk (IAB) Alma og Stella fara á námskeið á vegum Barnaheilla í vinnu gegn einelti fyrir börn undir 3 ára aldri í febrúar. Henrike mun sækja sama námskeið fyrir börn 3-5 ára í janúar. Enn á eftir að skrá starfsmenn á námskeið í notkun málörvunarefnisins Lubbi finnur málbein.
- Bæklingur um læsisstefnu leikskóla 5. deildar
- Gerð áhættumats vegna persónuverndarlaga.



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÖLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

- Hjördís sérkennslustjóri er í sérverkefni innan skólans núna. Hún er með barn í hegðunarmótun og fylgir því stóran part úr degi. Á meðan að þessu verkefni stendur sinnir Alma öðrum verkefnum stoðþjónustu. Þetta verkefni kemur til með að standa fram í miðjan janúar.
- Elsti árgangur leikskólans er að hefja sína aðlögun í grunnskólann. Búið er að setja niður grunn að dagsetningum og munu heimsóknir hefjast í næstu viku.

3. Verkefnum lokið:

4. Annað:



STRANDABYGGÐ

SÓL ER SKÝJA SKJÓLDUR OG SKÍNANDI RÖÐULL OG ÍSA ALDURTREGI

Skýrsla félagsmálastjóra fyrir nóv. og des. 18

Í nóvember var lokið við að gera fjárhagsáætlun fyrir 2019.

Þann 6. nóvember sótti undirrituð ráðstefnu um áföll og aldraða sem haldin var af Félagsraðgjafadeild HÓ og 7. og 8. nóvember sótti undirrituð ráðstefnu um velferðarmál og breytingar á lagaumhverfi í málefnum fatlaðs fólks.

19. nóvember var haldinn fundur í Velferðarnefnd Stranda og Reykhóla og 21. nóvember var fundur í Barnaverndarnefnd á Borðeyri.

Í desember kom undirrituð á hittingi hjá foreldrum ungra barna á Hólmavík. Markmið er samstaða og stuðningur við foreldra ungra barna. Þrjár mæður hafa hist tvisvar í þessum tilgangi og stefna á að hittast í framtíðinni í heimahúsi.

Í desember þarf að skrifa á jólakort og kaupa og útbýta jólagjöfum. Í ár voru það 20 starfsmenn sem fengu jólagjöf frá FSR.

Í hverjum mánuði eru síðan nemendaverndarráðsfundir og teymisfundir í skóla. Önnur mál hafa verið einstaklingsmál sem ekki er hægt að greina frá.

Hólmavík, 4. jan, 2019,
María Játvarðardóttir.